

hins ákærða 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með þessari breytingu ber því að staðfesta hinn áfrýj-
aða dóm. Svo ber og hinum ákærða eptir málavöxtum að
greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað,
þar með talin málflutningslaun til sóknara og svara-
manns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og
sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Undirdómnum í þessu máli skal óraskað, þó
þannig, að hegningin færist niður í 6×5 daga
fangelsi við vatn og brauð. Svo ber hinum á-
kærða, Gísla Jónssyni, og að greiða allan af
áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með
talin málflutningslaun til hins skipaða sókn-
ara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflutnings-
mannanna Franz Siemens og Páls Melsteds,
10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 3. ágústmán.

Nr. 21/1885

Sigfús Eymundsson.

gegn

Gesti Pálssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavík-
ur kaupstaðar 21. maí þ. á., í máli milli ljósmynda-
smíðs Sigfúsar Eymundssonar og Gests Pálssonar, út
af grein er staðið hafði í 2. tölublaði 3. árg. blaðs-

ins Suðra, en ritstjóri þess blaðs er Gestur Pálsson, var orðið „fótografs-tötrið“ í nefndri grein dæmt dautt og ómerkt, en Gestur Pálsson að öðru leyti sýknaður af kærnum og kröfum Sigfúsar Eymundssonar í málinu, en greiða skyldi hann Sigfúsi Eymundssyni 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Sigfús Eymundsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 8. júní þ. á., og krafizt: að þau orð í umgetinni grein Suðra, er hann hafi vitnað til í undirjettarstefnunni, sem sje, orðin frá: „annars væri nógu fróðlegt — er kynnast slíku“, og orðin frá: „þó skulum vjer fúslega játa — það sem hægt var“, og orðin frá: „og vjer ætlum að fótógrafinn — þessar myndasýningar“, verði dæmd dauð og ómerk, en stefndi látinn sæta þyngstu sektum fyrir að hafa við haft þau, og dæmdur til að borga allan kostnað máls þessa með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt *fyrst og fremst*: að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum mótpartsins í máli þessu, og áfrýjandi dæmdur til að greiða sjer málskostnað með einhverju hæfilegu eptir mati rjettarins ; til vara: að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur.

Yfirdómurinn verður að fallast á þá skoðun hjeradsdómarans, að orð þau í hinni nefndu grein Suðra, sem átalín eru, sjeu ekki meiðandi fyrir áfrýjanda, og að því sjerstaklega snertir orðið „fótografs-tötrið“, þá virðist það að vísu að vera eitthvað vorkennandi og fela í sjer miður gott álit hins stefnda um áfrýjanda sem fótograf, en þetta getur yfirdómurinn ekki álitíð sagnæmt. Það ber því að staðfesta

hinn áfrýjaða dóm, einnig að því ómerking orðsins „fótografs-tötrið“ snertir, því hinn stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu; einnig fellst yfirdómurinn á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður.

Þvi dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Í-dæmdur málskostnaður lúkist innun 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lög-um.

Mánudaginn 10. ágústmán.

Nr. 10/1885.

Útvegsmaður H. C. Kruge

gegn

hjeraðslækni Þorvaldi Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 26. nóvbr. f. á., var hinn stefndi, útvegsmaður H. C. Kruge, að viðlagðri 4 kr. dagsekt, dæmdur til þess að flytja hús eitt, er hann hafði byggt á lóð sinni í 1—2 $\frac{1}{2}$ áln. fjarlægð frá lóð áfrýjanda, nábúa síns, Þorvaldar hjeraðslæknis Jónssonar.

Þessum dómi hefur H. C. Kruge skotið til yfirdómsins og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, og hann sýknaður af kærnum og kröfum hins stefnda, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi. Á hinn